



Fundargerð heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Fundur í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn **3. febrúar 2026** kl. 12:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson, Guðný Helga Kristjánsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Róbert Smári Gunnarsson, Sigríður Ólafsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri, auk Andra Más Þorsteinssonar og Svavars Sigurðssonar heilbrigðisfulltrúa

Fundarstjóri: Róbert Smári Gunnarsson

Dagskrá

1. Starfsleyfi og skráningar
 2. Tóbaksleyfi
 3. Mál til kynningar / vinna milli funda
 - A. Skipulagsmál
 - B. Umsagnir til sýslumanns
 - C. Mál frá Mast
 - D. Mál frá UOS
 - E. Úr eftirliti
 - F. Mál frá SHÍ
 - G. Mál frá ráðuneytum
 4. Önnur mál
-

1. Starfsleyfi

Starfsleyfi nr. 1997

Langafit tjaldstæði, kt. 051154-2909, Ásbyrgi 531 Hvammstangi, vegna reksturs tjaldstæðis við Ásbyrgi á Laugarbakka, 531 Hvammstangi, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli* og *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: *Regína Þórarinsdóttir*

Samþykkt til 3.2.2038.

Starfsleyfi nr. 1998

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga, kt. 680169-1879, vegna reksturs kaupfélags, sérvöru, matvöruverslunnar og Pakkhús, að Strandgötu 1, 530 Hvammstangi, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Þórunn Ýr Elíasdóttir.

Samþykkt til 3.2.2038.

Starfsleyfi nr. 1999

Handtak ehf., kt. 600202-3080, vegna reksturs nudds og stratastofu að Skagfirðingabraut 6, 550 Sauðárkrókur, *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Rannveig Helgadóttir

Samþykkt til 3.2.2038.

Starfsleyfi nr. 2000

Leikskólinn Ásgarður, kt. 540598-2829, vegna reksturs leikskóla að Garðavegi 7, 530 Hvammstangi, Sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Guðný Kristín Guðnadóttir

Samþykkt til 3.2.2038.

Starfsleyfi nr. 2001 (tímabundið)

Valey ehf. kt. 630625-0330, Lækjarhvammi, 531 Hvammstangi, vegna breytingu á gistiheimili að Lækjarhvammi 2, úr 4 gestum í 10, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Valur Freyr Halldórsson

Samþykkt til 3.2.2038.

Starfsleyfi nr. 2002

G. Bentsson, kt. 601221-2170, vegna reksturs vinnuvéla og vörubíla, að Steini, 551 Sauðárkróki, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Gustav Bentsson.

Samþykkt til 3.2.2038.

Starfsleyfi nr. 2003 (tímabundið)

Leikskóli Fjallabyggðar, Ólafsfirði, kt. 580706-0880, vegna reksturs leikskóla fyrir 6 ára

árgang að Ægisgötu 15, 625 Ólafsfjörður, Sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Kristín Karlsdóttir

Samþykkt til 21.9.2026.

Starfsleyfi nr. 2004

Húnaþing vestra kt. 540598-2909, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstangi, vegna rekstur fjallaskála á heiðum Húnaþings vestra, Haugakvísarskáli, Bleikskvíslarskáli, Mönguhólsskáli og Lónborg, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Samþykkt til 3.2.2038.

Starfsleyfi nr. 2005

Orkusalan ehf. – Skeiðfossvirkjun I og II kt. 560306-1130, Urðarhvarfi 8b., 570 Fljót, vegna rekstur vatnsaflsvirkjunar, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Andri Teitsson

Samþykkt til 3.2.2038.

2. Tóbakssöluleyfi

Tóbakssöluleyfi nr. 2006

Olís ehf., kt. 500269-3249, vegna sölu tóbaks í þjónustustöð með smásölu að Tjarnargötu 6, 580 Siglufjörður, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Heiða Óladóttir.

Samþykkt til 25.11.2029.

2. Mál til kynningar / vinna milli funda

A) Skipulagsmál

- a) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra um breytingu á deiliskipulagi fyrir Glæsivelli, L-236629 á Hvammstanga. Mál nr. 123/2010.

- b) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, að nýju aðalskipulagi Blönduósþæjar, breyting á íbúðabyggð við Sunnubraut. Mál nr. 1004/2025.

B) Umsagnir til sýslumanns

Þorablót - tækifærisleyfi

- a) Félagsheimilið Skagaseli, Húnabyggð
- b) Félagsheimilið Árgarður Skagafirði
- c) Félagsheimilið Hegranesi Skagafirði
- d) Reiðhöllin Svaðastaðir Skagafirði
- e) Íþróttahúsið Sauðárkróki

Gistileyfi

- a) Valey ehf., kt. 630625-0330 – breyting á gistileyfi að Lækjarhvammi, 531 Hvammstangi.
- b) Brimhóll ehf. Kt. 610223-0790, gistileyfi í Brekku, Brekkubyggð 34, 540 Blönduósi.
- c) Stiklur ehf, kt 640512-0910, gistileyfi að Húsey 1, 561 Varmahlíð.

Veitingaleyfi

- a) Friðrik Rúnar Friðriksson kt. 141156-5009, leyfi vegna áfengisveitinga í félagsheimilinu Ásgarði, Steinstaðahverfi, 561 Varmahlíð.

C) Mál frá Mast

- a) Bréf frá ESA vegna eftirlits sl. sumar barst frá Mast þar sem fram koma ráðleggingar um hvað er til bóta.
- b) Matvælaeftirlitsráðstefnan var haldin í Osló 19.-20. janúar 2026. Tveir heilbrigðisfulltrúar fóru á hana.
- b) Fimmtán tilkynningar hafa borist um aðskotahluti/aðskotaefni í matvælum.
- c) Mánaðarlegt samtal framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitssvæðanna með forstjóra Mast, UOS og Fiskistofu um áform um breytingar á heilbrigðiseftirliti í landinu.

D) Mál frá UOS

- a) Réttindanámskeið heilbrigðisfulltrúa, starfsmenn heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra eru komin með heilbrigðisfulltrúa réttindi.
- b) Óskað var eftir rýni ráðgjafanefndar fagstofnanna og eftirlitsaðila fyrir bráðabirgðayfirlit næstu vatnaáætlunar. Hlekkurinn er sendur á bæði aðalmenn og

varamenn. Framkvæmdastjóri HNV er einn af aðalmönnum ráðgjafanefndarinnar og fékk því skjalið til yfirlstrar og set hér í fundargerð:

- Bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar 2028 – 2033 var send til yfirlstrar. Mikilvægt er að hagaðilar kynni sér bráðabirgðayfirlitið og komi á framfæri athugasemdum, nauðsynlegum upplýsingum eða gögnum er varða vatnshlot áður en til opinberar kynningar næstu vatnaáætlunar kemur (lok árs 2026). Bráðabirgðayfirlitið verður til kynningar til og með 6. febrúar: <https://uos.is/opinber-birting/til-kynningar-bradabirgdayfirlit-vatnaaetlunar-2028-2033>
- Uppfærsla 9. kafla vatnaáætlunar 2022 – 2027 vegna skilgreiningar á mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum. Málið verður til kynningar til og með 20. febrúar: <https://uos.is/opinber-birting/uppfaersla-a-vatnaaaetlun-2022--2027-vegna-skilgreiningar-a-manngerdum-og-mikid-breyttum-vatnshlotum>
- c) Hólmfríður Þorsteinsdóttir er að hætta sem sviðstjóri mála um fráveitur og skólp. Hlökkver Stefán Þórðarson umhverfisverkfræðingur tók við en hann er ættaður frá Siglufirði. Þau voru með stutta kynningu á nýrri reglugerð um fráveitur og skólp nr 1450/2025. Hér er slóð á fundargerð frá þeirri kynningu.  [Kynning á nýrri reglugerð um fráveitur og skólphreinsun.docx](#)
- d) [Reglugerð nr. 1012/2025](#) var gefin út sem fjallar um breytingu á reglugerð um meðhöndlun seyru, nr. 799/1999.
- e) Fundur var með Hólmfríði Þorsteinsdóttir sviðstjóra hjá UOS og Frigg Thorlacius lögfræðingi Umhverfis- og orkustofnunar vegna losunar rækjuhrats í sjóinn. En UOS hafnaði umleitan forstjóra rækjuverksmiðjanna um varp í hafið. Með á fundinum var Hlynur Reynisson framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða auk framkvæmdastjóra HNV. Fram kom einörð afstaða okkar að þetta væri eina leiðin til lausna þó erfið sé.
- f) Leiðbeiningar voru birtar um sýnatökur úr olíuskiljum.

E) Úr eftirliti

- a) Bréf sent Skólastjóra Blönduskóla og fundað með byggingafulltrúa Húnabyggðar vegna slysa við Blönduskóla. Farið var yfir teikningar og engar athugasemdir voru gerðar af hálfu Heilbrigðiseftirlitsins. Eftirlit BSI vegna leikvallar Blönduskóla barst eftirlitinu eftir beiðni HNV.
- b) Fundað var með samráðshópi Vegagerðarinnar og Fjallabyggð um vatnsbólið í Hólsdal vegna Fljótaganga.

- b) Farið var að vatnsbóli Ólafsfirðinga í Brimnesdal og upplýst um mikilvægi aðgerða til að bæta vatnsveituna.
- c) Búið er að senda bréf til Vegagerðar ríkisins vegna upphirðu bíla, var það gert í nafni allra heilbrigðiseftirlita á landsbyggðinni. Töluverð viðbrögð hafa verið frá almenningi og fjölmiðlum vegna bréfsins.
- d) Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlita Norðurlands vestra og Vestfjarða funduðu með sviðstjóra og lögfræðingi UOS út af rækjuhrati sem hefði farið til Primex, því UOS hafnaði erindi Dögunar, Ísfélagsins og rækjuverksmiðju á Ísfirði um varp rækjuhrats í sjóinn. Sent var bréf til framkvæmdastjóra Dögunar og Ísfélagsins um að Heilbrigðisnefnd samþykkti umleitan verksmiðjanna sem hægt væri að senda beint til ráðherra sem hefur heimild til að veita undanþágu samkvæmt lögum.
- e) Átaka í að sveitabæir klári að setja niður rotþrær.
- f) Átak í umhirðu lóða.

F) Mál frá SHÍ

Samin hafa verið bréf og greinar vegna yfirfærslu heilbrigðiseftirlitanna til ríkisins.

G) Mál frá Ráðuneytum

- a) Bréf frá Ráðuneyti Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu barst heilbrigðiseftirlitum landsins þar sem beðið var um upplýsingar úr samþykktum sveitarfélaga sem ekki koma fram í lögum og reglum. Bréfi var svarað 15. janúar sl.
- b) Drög að frumvarpi vegna yfirfærslu heilbrigðiseftirlitsins til ríkisins er komið út frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytiinu sem birti 26. Janúar 2026, drög að frumvarpi vegna flutnings eftirlits á sviði hollustuhátta og mengunarvarna í samráðsgátt stjórnvalda. Fyrirhugað er að halda kynningarfund á frumvarpinu fyrir heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, en tímasetning hans liggur enn ekki fyrir.

3. Önnur mál

Tillaga á bókun.

„Heilbrigðisnefnd samþykkir er að taka upp samræmt verklag vegna hreinsunar lausamuna á lóðum og lendum innan starfssvæðis Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, með hliðsjón af því fyrirkomulagi sem notað var í Fjallabyggð sumarið 2025. Sveitarfélög annast framkvæmd aðgerða og bera kostnað af þeim. Nánari útfærsla er tilgreind í fylgiskjali“.

Næsti fundur heilbrigðisnefndar er áætlaður þriðjudaginn 24. febrúar 2026 kl. 12:00.
Fundi slitið kl. 13:00.